

Samstarf um raunfærnimat

Þeim sem koma að framkvæmd raunfærnimats er heimilt að hafa samstarf um framkvæmd mats að því gefnu að [skilmálum Fræðslusjóðs](#) sé fylgt.

Forsendur fyrir greiðslur vegna þessa eru:

- Að samstarf hafi verið ákveðið áður en verkefni hefst og skilgreint í hverju það felst.
- Að sótt sé um fjármagn til Fræðslusjóðs til skilgreindra samstarfsverkefna.
- Að báðir/allir aðilar samstarfs sækji um.

Samstarfið getur falið í sér yfirfærslu á fleiri eða færri verkþáttum raunfærnimats.

Dæmi um hlutverk í samstarfi:

- Taka þátt í markaðssetningu og finna þátttakendur.
- Veita þátttakendum náms- og starfsráðgjöf.
- Framkvæma skimun í undirbúningsferli raunfærnimats.
- Veita þátttakendum upplýsingar.
- Veita aðstöðu og tæknilega aðstoð vegna matsviðtala.

Sá sem stýrir raunfærnimatinu er skilgreindur ábyrgðaraðili og felur það í sér:

- Ábyrgð á að skila inn upplýsingum til FA um fjölda eininga sem metnar voru í samstarfi.
- Ábyrgð á því að verkaskipting og samkomulag um verkefnið sé til staðar.